
Dalapósturinn

3. tölublað 2010



Gledileg jól

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Fjárhagsáætlun 2011

Með viðameiri verkefnum sveitarstjórnar á haustmánuðum ár hvert er að vinna fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Þegar þetta er skrifað hefur fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 verið tekin til fyrri umræðu og vísað til þeirrar síðari sem fer fram 16. desember. Fjárhagsáætlunargerð þetta árið var nokkuð krefjandi þar sem útlit er fyrir rekstrarhalla á árinu 2010 og horfur eru á að tekjur dragist saman á árinu 2011. Þetta kemur til m.a. vegna þess að sérstök framlög sem veitt hafa verið vegna sameininga sveitarfélaga eru að renna til þurrðar. Einnig eru yfirvofandi breytingar á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem líklega verða ekki Dalabyggð hagstæðar.

Það er því nauðsynlegt að draga nokkuð saman í rekstri sveitarfélagsins. Sveitarstjórn og starfsfólk sveitarfélagsins hafa leitað allra leiða til hagræðingar með þeim árangri að horfur eru nokkuð góðar á að hægt verði að afgreiða hallalausar fjárhagsáætlun. Fræðslumál taka til sín yfir 50% tekna sveitarfélagsins og því eðlilegt að sá málaflokkur taki á sig mestu byrðarnar þegar kemur að niðurskurði. Samkvæmt fjárhagsáætlun þeirri sem er til afgreiðslu þessa dagana, er gert ráð fyrir að kennsla í Tjarnarlundi leggist af að loknu yfirstandandi skólaári og er það stærsta einstaka aðgerðin. Þetta kemur þó ekki eingöngu til í hagræðingarskyni því að óbreyttu eru horfur á að einungis 9 börn verði í Tjarnarlundi næsta skólaár. Dregið verður saman á fleiri sviðum, en samdrátturinn ætti ekki að koma niður á þjónustu við íbúa sem neinu nemur.

Stefnumótun og íbúáþing

Sveitarstjórn Dalabyggðar var kjörin persónukosningu, þ.e. engir listar voru í framboði. Þar með liggja ekki fyrir stefnuskrár til að vinna eftir. Meðal aðal- og varamanna sveitarstjórnar hefur verið umræða um viðfangsefni kjörtímabilsins, stefnumarkandi atriði og verklag. Ákveðið hefur verið að hafa samráð við íbúa Dalabyggðar um þessi mál með því að halda íbúáþing sem haldið verður í Dalabúð 15. janúar 2011. Sjá nánari upplýsingar á vef Dalabyggðar.

Sorpmál

Á haustmánuðum var opnuð ný söfnunarstöð fyrir sorp við Vesturbraut í Búðardal. Stöðin er opin þriðjudaga og fimmtudaga kl. 15-18 og laugardaga kl. 11-14 og geta þá íbúar og fyrirtæki komið með margvíslegan úrgang og flokkað eftir kúnstarinnar reglum.

Starfsmenn Dalabyggðar hafa eftirlit með flokkun og skrá niður magn gjaldskylds úrgangs. Einstaklingar þurfa að öllu jöfnu ekki að greiða fyrir skil á flokkuðum úrgangi. Sveitarfélagið sér ekki lengur um sorphirðingu frá rekstraraðilum. Viðkomandi sjá sjálfir um að koma úrgangi á söfnunarstöð eða semja við þjónustuaðila um hirðingu sorps.

Staðsetning sorpgáma í dreifbýli hefur verið endurskoðuð með tilliti til þess magns sem til fellur í hvern gám, en einnig með tilliti til landfræðilegrar legu og búsetu. Gámar verða staðsettir við Straum og Bílduhól á Skógarströnd, Blönduhlíð í Hörðudal, Árblik í Miðdölum, Köldukinn í Haukadal, Saura, Hjarðarholt og Svarfhól í Laxárdal, Ásgarð í Hvamssveit, Valþúfu á Fellsströnd, Skarð á Skarðsströnd og Tjarnarlund og Bersatungu í Saurbæ.

Hundahald í Búðardal

Samkvæmt samþykkt um hundahald í Dalabyggð nr. 26/2003 er hundaeigendum í Búðardal skylt að skrá hund sinn á skrifstofu sveitarfélagsins. Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu og með öllu er óheimilt að láta hunda ganga lausa. Eigandi skal einnig ár hvert láta hreinsa hund sinn af bandormum og framvísa á skrifstofu sveitarfélagsins vottorði dýralæknis sem staðfestir að hundurinn sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið ormahreinsaður.

Hundaeigendur eru beðnir um að láta ormahreinsa hunda sína hið fyrsta hafi það ekki verið gert þetta árið og skila vottorði til skrifstofu sveitarfélagsins eða biðja dýralækni um að koma vottorði þangað.

Ægisbraut 2 „Réttin“

Sveitarstjórn hefur ákveðið að auglýsa iðnaðarhúsið að Ægisbraut 2 „Réttina“ til leigu. Réttin er óeinangrað iðnaðarhúsnæði, 752 m² að stærð. Mögulegt getur verið að leigja allt húsnæðið eða hluta þess. Áhugasamir eru beðnir um að senda skriflegt erindi til sveitarstjóra fyrir komandi áramót og lýsa þar hugmyndum sínum um notkun og leiguverð. Þeim sem á fyrri stigum hafa sýnt áhuga á húsnæðinu er bent á að endurnýja erindi sín og uppfæra með umbeðnum upplýsingum.

Opnunartími skrifstofu Dalabyggðar yfir hátíðarnar.

Skrifstofa Dalabyggðar verður lokuð á aðfangadag jóla og á gamlársgang. Starfsfólk óskar Dálamönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Jörfagleði 2011

Jörfagleði 2011 verður dagana 15. – 20. apríl. Undirbúningur er hafinn og er það menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar sem heldur utan um hátíðina. Nú er bara að leggjast undir feld og koma fram með góðar hugmyndir að skemmtilegum viðburðum.

Þeim sem hafa hug á að taka þátt er bent á að hafa samband við formann nefndarinnar Herdísí á netfanginu herdis@dalir.is eða í síma 695 0317.

Dalavefurinn – www.dalir.is

Vefur Dalabyggðar er í sífelldri þróun og nú er verið að vinna í að koma inn ítarlegri upplýsingum um stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsemi.

Atburðadagatalið er mikið notað og er fólki bent á að hægt er að skrá viðburði beint af vefnum inn á atburðadagatalið. Leiðréttingar á skráningum, fréttir, myndir, og annað það sem fólk vill koma á framfæri varðandi vefinn skal komið til vefstjóra á netfangið safnamal@dalir.is eða í síma 430 4706.

Allar ábendingar um það sem betur má fara eru jafnfram alltaf vel þegnar.



Munum eftir smáfuglunum

Menningar og félagslíf í Dalabyggð árið 2010

Fjölbreytt og öflugt félags- og menningarstarf var í Dalabyggð á árinu að vanda. Verður hér stiklað á nokkrum þeirra atburða sem voru í boði.

Eiríksstaðir voru eitt þriggja verkefna sem tilnefndar voru til Eyrarrósarinnar í ár fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. **Eiríksstaðahátíð** var haldin 10. júlí í tilefni 10 ára afmælis Eiríksstaða. Sömu helgina var bæjarhátíð í Búðardal með fjölbreyttri dagskrá.

Í Leifsbúð er sýning á völdum verkum í eigu **Listasafns Dalasýslu**. Áframhald verður á listsýningum á vegum safnsins á neðri hæð Leifsbúðar.

Byggðasafn Dalamanna var opið daglega í þrjá mánuði í sumar. Er það í fyrsta skipti um langt árabíl. Jólasýning á vegum safnsins er á annarri hæð Stjórnsýsluhússins og verður fram til jóla. Safnið verður opið tvo daga á milli jóla og nýars, 29.–30. desember kl. 16-19.

Opið hús var hjá **Héraðsskjalasafni Dalasýslu** á Norræna skjaladeginum 13. nóvember. Fámennt var en góðmennt.

Í **Auðarskóla** er gott félagslíf og öflugur tónlistarskóli. Í mars tók Auðarskóli þátt í Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskóla á Vesturlandi og Vestfjörðum. Voru þátttakendur Auðarskóla til mikils sóma og fékk söngsveitin sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi flutning.

Ólafsdalsfélagið stóð fyrir afmælisýningu um Búnaðarskólann í Ólafsdal í tilefni þess að 130 ár voru liðin frá því skólinn var stofnaður. Í ágústbyrjun var síðan árleg Ólafsdalshátíð haldin og var vel sótt að vanda.

Einar Kárason kom á vörfund **Sögufélags Dalamanna** og fjallaði um Sturlungu. Félagið setti upp sýningu á Skriðulandi um kolanámuna á Tindum. Og í vikunni kemur Þórunn Erlu Valdimarsdóttir og fjallar um bók sína *Mörg eru eyru ljónsins*, sem byggð er á Laxdælu.

Fjölbreytt og mikið tónleikahald var hér í Dölum árið 2010. Var það sambland af heimamönnum, kórum, hljómsveitum og trúbadorum.

Hestamannafélagið **Glaður** fór vel af stað á árinu með fjölda móta á vormánuðum. En er leið á árið urðu þeir að láta af sýningarhaldi vegna hestapestarinnar. Var því ekkert hestaping í sumar.

Nýpurhyrna á Skarðsströnd stóð sem fyrr fyrir sýningunni Dalir og Hólar. Að þessu sinni voru sýndar ferðateikningar. Nýpurhyrna stóð einnig fyrir málþingi á Nýp um Matthías Jochumsson.

Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu var ofvirkt að vanda. Farið var í menningar- og vísindaferð um Strandir á tveimur langferðabifreiðum, héldu bændafund og ekki síst haustfagnað fyrsta vetrardag. Aðsókn að haustfagnaði fór úr böndunum og var Dalabúð þéttsetin á sviðveislum.

Helga og Þorgrímur á Erpsstöðum voru tilnefnd frumkvöðlar Vesturlands 2010 af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Þau eru vel að því komin, enda Erpsstaðir orðnir eitt af þekktustu kennileitum í Dölum meðal ferðamanna.

Sturlaugur Eyjólfsson á Efri-Brunná varð sjötugur í ár og ákvað af því tilefni að ganga á 70 fjöll á árinu. Eitthvað fóru fjallgöngurnar úr böndunum hjá honum því í lok ágúst voru fjöllin komin á annað hundraðið.

Fjölmarginn annað var um að vera árið 2010 í félagslífinu. Fjölbreytt tómstunda- og íþróttalíf barna og unglinga á vegum UDN, ungmennafélaganna, skáta og fleirri. Félag eldri borgara og Rauði krossinn hafa síðan heldur eldri markhóp. Fyrir utan öll hin félögin hér í héraði.

Framundan á nýju ári er íbúaping, þorrablot, Jörfagleði, frumsýningar á kvikmyndum teknum hér í Dölum og margt annað spennandi.

Öðru fréttæmi á árinu er síðan þorrablotsnefndum eftirlátið að gera skil á.

Sælingsdalslaug

Opnunartímar 1. desember 2010–31. janúar 2011

Þriðjudaga 17-20

Miðvikudaga 17-20

Fimmtudaga 17-21

Lokað verður á Þorláksmessu, en opið á milli hátíðanna.

Hálftíma fyrir lokun lýkur sölu í sundlaugina.

Ef hópar eða fjölskyldur vilja koma í sund á öðrum tíma er hægt að hafa samband við Erlu í Ásgarði (434 1261/895 1631) með góðum fyrirvara.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Opnunartímar safnsins

Þriðjudaga 15-19

Fimmtudaga 13-16

Byggðasafn Dalamanna

Jólasýning safnsins verður opin á afgreiðslutíma skrifstofu Dalabyggðar á annarri hæð Stjórnsýsluhússins fram til jóla.

Milli jóla og nýárs verður Byggðasafnið að Laugum opið miðvikudag og fimmtudag (29.-30. desember), kl. 16-20. Aðgangseyrir er 600 kr (16-66 ára), 400 kr (+67 ára og öryrkja) og frítt fyrir börn. Engin posi er á safninu.

Allir þeir sem „gleymdu“ að koma í sumar eru velkomnir

Sorpflokkunarstöðin

Opnunartímar

Þriðjudaga 15-18

Fimmtudaga 15-18

Laugardaga 11-14